

Velkomin í Húsaskóla!

Nokkrir góðir punktar fyrir skólaárið



- **Morgunmatur** gefur gull í mund.
- **Mæta tímanlega** í skólann. Kennslustund hefst kl. 8:20. Gott er að mæta rúmlega átta- ekki seinna en korter yfir. Það tekur tíma að koma sér fyrir og ganga frá skóm/útifatnaði.
- **Muna** eftir sund- eða/og íþróttapokanum.
- **Merkja** allt, t.d. nestisbox, sundpoka, húfu, vettlinga, skó og fl.
- Nemendur eiga að koma með **hollt og gott nesti**, t.d. samlokur eða ávexti/grænmeti. Ekkert sætabrauð, djús, orkustangir o.þ.h. Þar sem skólinn er grænfánaskóli þá er ekki í boði að koma með fernur og aðrar einnota dollur í skólann. Hægt er að sækja um ávaxta- og mataráskrift á rafrænu Reykjavík (rvk.is) og er mjólk og vatn í boði skólans. [Athugið að skólinn er hnetufrír.](#)
- **Allir klæða sig** eftir veðri og fara út í frímínútum. Gott er að hafa vindbuxur í skólatöskunni og aukafatnað, s.s. sokkarar, þunnar buxur, nærföt, bol o.fl.
- Nemendur eiga **að lesa** a.m.k. 5 sinnum í viku heima og er þá miðað við 10-15 mín í hvert sinn. Foreldrar/forráðamenn þurfa að kvitta fyrir lestrinum í heimalestrarhefti.
- **Heimanám** er mismunandi milli árganga. Hjálpið til við námið með því að skapa góða námsaðstöðu, tíma og næði. Hrósið fyrir vel unnin verk og hvetjið nemandann áfram þó hægt gangi. Mikilvægt er að skila heimavinnu á réttum tíma og lestri daglega.
- **Veikindatilkynningar** þurfa að koma fyrir fyrstu kennslustund og á hverjum degi sem veikindin vara. Hægt er að setja inn tilkynningu á mentor.is eða í síma:567-6100. [Vinsamlegast haldið nemendum heima þar til þeir eru tilbúnir til að taka fullan þátt í skólastarfi.](#)
- **Leyfi** er ekki frí frá námi. Þegar nemandi fer í leyfi bera foreldrar/forráðamenn ábyrgð á að hann dragist ekki aftur úr í náminu. Best er að láta umsjónarkennara vita tímanlega svo hægt sé að fá bækur og önnur námsgögn.
- **Þegar beðið er um leyfi** er best að senda tölvupóst á ritara en einnig umsjónarkennara svo hann fái vitneskju um leyfið sem fyrst. Ef leyfið er með stuttum fyrirvara er best að hringja í ritara á skrifstofu Húsaskóla. Sækja þarf um skriflegt leyfi ef það er lengra en 2 dagar. Leyfi í sund/íþróttir fer einnig í gegnum skrifstofu. Miðar, t.d. þegar beðið er um að nemandi sleppi íþróttum eða fái að vera inni eftir veikindi, eru ekki teknir gildir. Það þarf að láta vita upp á skrifstofu símleiðis.
- Reglur um **síma** og símaúr. Það má ekki vera með síma né símaúr frá kl. 8-16 í skólanum. Síminn þarf að vera **hljóðlaus** og geymist ofan í tösku ef þessi tæki þurfa að vera með í skólanum af einhverjum sérstökum ástæðum. Tækin eru á eigin ábyrgð. Ef nemandi notar símann í leyfisleysi á skólatíma er hann tekinn af honum og foreldri þarf að sækja símann á skrifstofu skólans.
- Notkun **reiðhjóla**, hjólabretta, hlaupahjóla, línuskauta og skór með hjólum eru óheimil inni í skólanum og á skólalóð á skólatíma og skulu hjól geymd við hjólagrindur fyrir utan skólann. Muna eftir hjálminum og vera með lás á farartækinu.
- **Afmælisboð** í bekkjum. Ákveðnar reglur gilda um afmælisboð ef skólinn er notaður til að dreifa boðskortum. Annað hvort er öllum bekknum boðið, öllum strákum eða stelpum. Það er ekki í boði að bjóða á milli árganga í skólanum.
- **Bekkjafulltrúar** eru a.m.k. 2 í hverjum árgangi. Hlutverk þeirra er að halda utan um a.m.k. tvö bekkjarkvöld/viðburði.
- Í lokin er gott að minnast á að **svefninn** er mikilvægur fyrir líðan, samskipti og nám.